

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



3. nóvember 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 155. mál á 153. löggjafarþingi

Niðurfelling námslána

Með ofangreindri þingsályktunartillögu er lagt til að heimilt verði að fella niður að hluta eða öllu leyti námslán einstaklinga sem má telja ólíklegt að muni geta endurgreitt lánin að fullu. Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi þessu markmiði á grundvelli samfélags- og mannúðarsjónarmiða.

Samtökin taka jafnframt undir með því sem kemur fram í minnisblaði umboðsmanns skuldara dags. 26. september 2022, sem er fylgiskjal með umsögn embættisins um málið, einkum III. kafla, þar sem er vakin athygli á að ekki einu sinni gjaldþrotaskipti með dómsúrskurði geti leyst skuldara námslána undan því eins og öllum öðrum skuldum að tveggja ára fyrningartíma liðnum.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa frá upphafi verið alfarið andvíg þeirri undanþágu frá reglum um gjaldþrotaskipti sem kemur fram í 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, eins og má sjá í umsögnum samtakanna um málið á öllum stigum frá samráðsgátt til Alþingis.

Af þessu tilefni má benda á að fyrir 153. löggjafarþingi liggja nú tvö frumvörp sem fela í sér tillögur um brottfall umræddrar 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020. Annars vegar frumvarp á þskj. 48 í 48. máli og hins vegar á þskj. 327 í 317. máli. Samtökin leggja til að þær tillögur sem þar koma fram verði teknar til nánari umfjöllunar í samhengi við ofangreinda þingsályktunartillögu.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is